



Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 31. ágúst 2022
Tilvísun: 202208-0010 / 0.11.2

Efni: Til umsagnar – Mál nr. 145/2022 frumvarp til laga um tónlist

Frumvarp til laga um tónlist er nú til umsagnar í Samráðsgátt, mál nr. 145/2022. Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn bendir að á ekki kemur fram í frumvarpsdrögunum mikilvægi þess að íslensk tónlist skuli varðveitt.

Bæta mætti við 6. tl. 3. gr. orðinu *varðveisla*: „Sinna afmörkuðum verkefnum tengdum **varðveislu**, rannsóknum og tölfræði um íslenskan tónlistariðnað.“

Landsbókasafn sinnir nú söfnun, varðveislu, skráningu, miðlun og rannsóknum á íslenskri tónlist samkvæmt lögum nr. 142/2011 í nokkrum einingum safnsins, þar má nefna tón- og myndsafn, handritasafn, tónlistarsafn og leikminjasafn.

Af þessum ástæðum er mælt til þess að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn verði skilgreint sem hagaðili, sbr. 6. gr. frumvarpsins og umsögn um 6. gr. í greinargerð. Safnið geti þannig átt beina aðild að tónlistarráði.

Virðingarfyllt,

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

Örn Hrafnkelsson
sviðsstjóri varðveislu og stafrænnar
endurgerðar